



**GRAFÍA**

Stéttarfélag í prent-  
og miðlunargreinum

# **KAUPTAXTI**

**frá og með 1. nóvember 2022**

**Samkvæmt kjarasamningi milli  
GRAFÍU – stéttarfélags í prent- og miðlunargreinum  
og Samtaka atvinnulífsins.**

# Úr kjarasamningi GRAFÍU og Samtaka atvinnulífsins frá 12. desember 2022

## 1. gr.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við aðalkjarasamning Grafíu og SA og þá sérkjarasamninga sem teljast hluti hans.

## 2. gr.

### Meginmarkmið

Kjarasamningur þessi er framlenging á kjarasamningi aðila sem gildi frá 2019-2022. Að mati samningsaðila styður samningurinn við kaupmátt launa auk þess að veita heimilum og fyrirtækjum fyrirsjáanleika á miklum óvissutímum. Samningurinn geti þannig byggt undir stöðugleika og skapað forsendur fyrir langtímasamningi.

### Gildistími

Gildistími samningsins er frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024.

### Almenn launahækkun

Launahækkun samningsins er í formi hlutfallshækkunar og hámarks krónutöluhækkunar.

Þann 1. nóvember 2022 taka mánaðarlaun almennri hækkun um 6,75%, þó að hámarki kr. 66.000.

### Kauptaxtar

Í stað áðurgildandi launataxta koma nýir sem verða hluti samningsins. Nýir launataxtar gilda frá 1. nóvember 2022.

### Kjaratengdir liðir

Kjaratengdir liðir kjarasamnings hækka um 5,0% frá 1. nóvember 2022, nema um annað hafi verið samið.

Gjald í fræðslusjóð sbr. grein 7.7 um fræðslusjóð Grafíu verður kr. 1.340 á mánuði frá 1. nóvember 2022.

## Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðast við fullt starf verður:

Á árinu 2023 kr. 103.000.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf verður:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2023 verði orlofsuppbót kr. 56.000.

## Hagvaxtarauki 2023

Með hækkun 1. nóvember 2022 hefur hagvaxtarauka skv. kjarasamningi aðila, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023, verið flýtt og að fullu efndur. Jafnframt er samkomulag um að með þessari hækkun og flýtingu komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019 – 2022.

## 3. gr.

### Vinnutími samræmdur

Samningsaðilar hafa á undanförunum árum unnið að vinnutímastyttingu iðnaðar- og tæknifólks og hafa tvö skref þegar verið tekin:

1. Á vinnustöðum hefur á grundvelli gr. 5.11. um styttingu vinnutíma verið samið um vinnutímastyttingu í 36 virkar vinnustundir á viku að jafnaði samhlíða niðurfellingu kaffitíma.
2. Þar sem ekki hafði verið gert samkomulag á grundvelli gr. 5.11. var starfsfólki heimilt að kjósa um styttingu virks vinnutíma á viku í 36 stundir og 15 mínútur (virkur vinnutími að jafnaði 7 klst. og 15 mín. á dag).

Samningsaðilar eru sammála um að einfalda vinnutímaákvæði kjarasamningsins og samræma. Frá og með 1. febrúar 2024 verður því vinnutími á viku samkvæmt kjarasamningi 36 virkar vinnustundir. Deilitala

dagvinnutímakaups verður frá sama tíma 156.

## Ákvæði kjarasamnings GRAFÍU og SA frá 2019

Frá 1.1.2022 tekur gildi einhliða ákvörðun starfsmanna um að stytta vinnutímann, þar sem ekki er búið að semja um vinnutíma-styttingu í samræmi við grein 3.1.2. í kjarasamningi um styttingu vinnutímans.

Grein 5.13 í kjarasamningum Fagfélaganna og SA.

## Staðlaður, valkvæður fyrirtækjaþáttur (gildir frá 1.1.2022)

Hafi ekki verið gert samkomulag á grundvelli þessa kafla um fyrirkomulag vinnutíma geta starfsmenn fyrirtækis kosið um upp-töku staðlaðs fyrirtækjaþáttar kjarasamnings. Í staðlaða fyrirtækjaþættinum felst 36 stunda og 15 mínútna virkur vinnutími á viku að jafnaði (virkur vinnutími að jafnaði 7 klst. og 15 mín. á dag).

Náist ekki samkomulag um fyrirkomulag styttingar verður virkur vinnutími á dag 7 klst. og 15 mínútur. Deilitala til útreiknings tímakaups verður 157,08 og greiðist yfirvinna 2 fyrir vinnu umfram 40,25 klst. á viku að meðaltali á mánuði / launatímabili. Dagleg viðvera á vinnustað er virkur vinnutími að viðbættum tíma sem starfsmaður er ekki við störf.

Það að taka upp staðlaðan, valkvæðan fyrirtækjaþátt skv. grein 5.13 hefur ekki áhrif á kaffitíma en ef kaffi tímum hefur verið breytt þá eigi vinnutími að vera 36 klst.

Uptaka staðlaðs fyrirtækjaþáttar hefur ekki áhrif á vinnutíma á vinnustöðum þar sem virkur vinnutími er styttri en 36 stundir og 15 mínútur.

*Fyrsta skrefið til að nýta þetta ákvæði er að hafa samband við þitt Stéttarfélag*

A) Láta greina núverandi vinnutíma.

B) Fá svar um hvað er mikið rými til styttingar

C) Fá svör um næstu skref.

**Fyrir hafði átt sér stað gildistaka 1. apríl 2020 og 1. janúar 2021 um virkan vinnutíma, styttingu vinnuvikunnar í 36 klst skv. samkomulagi og breyting á aukavinnu.**

## Virkur vinnutími

Við upptöku virks vinnutíma eru 37 klst. greiddar að jafnaði á viku m.v. fullt starf í stað 40 klst. og deilitala dagvinnutímakaups verður 160 í stað 173,33. Tímakaup í dagvinnu hækkar því um 8,33% eða sem nemur greiðslu fyrir kaffitíma sem færast yfir í tímakaup fyrir virkan vinnutíma, **kaffitímar verða áfram teknir með sama fyrirkomulagi og áður, 35 mínútur á hverjum virkum degi.** Ef færri tímar eru greiddir á viku / mánuði m.v. fullt starf skal reikna hækkun þannig að dagvinnulaun fyrir 37 klst. á viku / 160 klst. á mánuði verði þau sömu og áður var greitt fyrir fleiri tíma. Þar sem starfsmaður nýtur aukagreiðslna m.v. 40 klst. á viku (t.d. verkfæra- eða fatagjalds) taka þær hækkun 8,33% til samræmis.

Engar breytingar eru gerðar á fyrirkomulagi kaffihléa í yfirvinnu, þau verða áfram greiddur tími og sé unnið í þeim greiðist tilsvarendi lengri tími sem unninn er.

## Breyting á yfirvinnuálagi 1.1. 2021

### Yfirvinna 1

Yfirvinna 1 er greidd fyrir fyrstu fyrstu 4 klst á viku að jafnaði eða 17,33 klst á mánuði. Álag á yfirvinnu 1 er 1,00% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Yfirvinna 2 er greidd umfram það og alltaf í vaktavinnu.

# Kauptaxti GRAFÍU frá og með 1. nóvember 2022

## Almenn launahækkun 6,75%

Deilitala dagvinnu er 156 ef vinnuvikan er 36 klst. (stytting vinnuvikunnar)

Deilitala dagvinnu er 157,08 ef vinnuvikan er 36,15 (7 tímar og 15 mínútur pr. dag)

	Mánaðarlaun	Dagvinna Deilitala 156	Dagvinna Deilitala 157,08	Yfirvinna 1 1,00%	Yfirvinna 2* 1,15%
<b>Sveinar</b>					
Byrjunarlaun	528.598 kr	3388,45	3365,15	5285,98	6078,88
Eftir 1 ár	533.884 kr	3422,33	3398,80	5338,84	6139,67
Eftir 3 ár	539.223 kr	3456,56	3432,79	5392,23	6201,06

## Íðnaðarmenn með a.m.k. 5 ára sveinspróf og meistaráréttindi.

### Íðnaðarmenn með tvöfalt sveinspróf sem bæði nýtast í starfinu.

Laun	550.421 kr	3528,34	3504,08	5504,21	6329,84
------	------------	---------	---------	---------	---------

### Flokkstjóri/Vaktstjóri 15% álag\*

Laun	632.984 kr	4057,59	4029,69	6329,84	7279,32
------	------------	---------	---------	---------	---------

\*Dæmi um svein með 5 ára starfsreynslu sem er ráðinn skv. ákvæði 2.7

## Íðnaðarmenn án sveinsprófs

Byrjunarlaun	475.738 kr	3049,60	3028,64	4757,38	5470,99
Eftir 1 ár	480.495 kr	3080,10	3058,92	4804,95	5525,69

## Aðstoðarfólk.

Byrjunarlaun	404.400 kr	2592,31	2574,48	4044,00	4650,60
Eftir 1 ár	410.199 kr	2629,48	2611,40	4101,99	4717,29
Eftir 3 ár	418.172 kr	2680,59	2662,16	4181,72	4808,98
Eftir 5 ár í sama fyrirtæki	428.588 kr	2747,36	2728,47	4285,88	4928,76

## Sérhæft aðstoðarfólk í iðnaðarstörfum með mikla faglega reynslu

Byrjunarlaun	413.130 kr	2648,27	2630,06	4131,30	4751,00
Eftir 1 ár	416.360 kr	2668,97	2650,62	4163,60	4788,14
Eftir 3 ár	423.170 kr	2712,63	2693,98	4231,70	4866,46
Eftir 5 ár	433.641 kr	2779,75	2760,64	4336,41	4986,87

## Starfsþjálfunarnemar

Fyrstu 6 mán. starfsþjálfunar	392.354 kr	2515,09	2497,80	3923,54	4512,07
Eftir 6 mán. starfsþjálfun	403.520 kr	2586,67	2568,88	4035,20	4640,48

**Mánaðarlaun****Dagvinna****Dagvinna****Yfirvinna 1****Yfirvinna 2\***

Deilitala 156

Deilitala 157,08

1,00%

1,15%

**Vakt. 20% jafnaðarálag, tvískiptar 5 daga vaktir**

Sveinar	634.318 kr	4066,14	7294,66
Eftir 3 ár	647.068 kr	4147,87	7441,28

**Sérhæft aðstoðarfólk í iðnaðarstörfum**

Eftir 1 ár	499.632 kr	3202,77	5745,77
Eftir 5 ár	520.369 kr	3335,70	5984,24

**Vakt. 22% jafnaðarálag, þrískiptar 5 daga vaktir**

Sveinar	644.890 kr	4133,91	7416,24
Eftir 3 ár	657.852 kr	4217,00	7565,30

**Sérhæft aðstoðarfólk í iðnaðarstörfum**

Eftir 1 ár	507.959 kr	3256,15	5841,53
Eftir 5 ár	529.042 kr	3391,29	6083,98

**Vakt. 24% jafnaðarálag, tvískiptar 7 daga vaktir**

Sveinar	655.462 kr	4201,68	7537,81
Eftir 3 ár	668.637 kr	4286,13	7689,33

**Sérhæft aðstoðarfólk í iðnaðarstörfum**

Eftir 1 ár	516.286 kr	3309,53	5937,29
Eftir 5 ár	537.715 kr	3446,89	6183,72

**Vakt. 27% jafnaðarálag, þrískiptar 7 daga vaktir**

Sveinar	671.319 kr	4303,33	7720,17
Eftir 3 ár	684.813 kr	4389,83	7875,35

**Sérhæft aðstoðarfólk í iðnaðarstörfum**

Eftir 1 ár	528.777 kr	3389,60	6080,94
Eftir 5 ár	550.724 kr	3530,28	6333,33

\* yfirvinna 2 er greidd í vaktavinnu

## Yfirvinna 2

Yfirvinna 2 greiðist fyrir alla tíma umfram 17,33 yfirvinnutíma á mánuði og á nóttunni á milli kl. 00:00-06:00. Álag á yfirvinnu 2 er 1,15% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

Mánaðarlaun	Álag	Tímakaup
600.000 kr.	1,00%	6.000 kr.
600.000 kr.	1,15%	6.900 kr.

## Stytting vinnuvikunnar

Starfsmenn eiga rétt á að fram fari viðræður um vinnutímastyttingu í 36 virkar vinnustundir á viku að jafnaði samhliða niðurfellingu kaffitíma skv. gr. 3.1.2 í kjarasamningi. Stjórnendur fyrirtækja geta einnig óskað eftir viðræðum.

Ef samkomulag verður á milli aðila vegna bættrar nýtingar vinnutíma og aukinnar framleiðni skiptist ávinningur milli starfsmanna og atvinnurekanda, hlutdeild starfsmanna felst í viðbótarstyttingu virks vinnutíma um 13 mín á dag eða 65 mín á viku.

## Viðbótarstytting virks vinnutíma:

Náist samkomulag um styttingu vinnuvikunnar verður virkur vinnutími 36 klst. á viku, án skerðingar mánaðarlauna (deilitala dagvinnutímakaups 156 í stað 160 með 2,56% hækkun dagvinnutímakaups).

Yfirvinna 1 greiðist áfram af fyrstu 4 klst á viku að jafnaði umfram 36 klst í dagvinnu eða 17,33 klst á mánuði.

# Úr kjarasamningi GRAFÍU og FA/SÍA frá 17. desember 2022

## 2. grein Gildistími

Gildistími samningsins er frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024.

## Almenn launahækkun

Launahækkun samningsins er í formi hlutfallshækkunar og hámarkskrónutöluhækkunar.

Þann 1. nóvember 2022 taka mánaðarlaun almennri hækkun um 6,75%, þó að hámarki kr. 66.000.

## Kauptaxtar

Í stað áðurgildandi launataxta koma nýir sem verða hluti samningsins. Nýir launataxtar gilda frá 1. nóvember 2022.

## Kjaratengdir liðir

Kjaratengdir liðir kjarasamnings hækka um 5,0% frá 1. nóvember 2022, nema um annað hafi verið samið.

Gjald í fræðslusjóð sbr. grein 7.7 um fræðslusjóð Grafíu verður kr. 1.340 á mánuði frá 1. nóvember 2022.

## Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf verður:

Á árinu 2023 kr. 103.000.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf verður:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2023 verði orlofsuppbót kr. 56.000.

### 3. gr.

#### Breyting á lágmarksorlofi

Gr. 3.1. í aðalkjarasamningi aðila orðist svo:  
Um orlof fer að landslögum, orlofsárið reiknast frá 1. maí til 30. apríl.

Starfsfólk skal fá 25 virka daga (10,64%) í sumarleyfi með fullu kaupi enda hafi það unnið í sama fyrirtæki í eitt ár samfellt.

Við 4 ára starfsaldur lengist orlof um 2 vinnudaga ( í 11,59 %) á ári.

Við 6 ára starfsaldur lengist orlof um 1 vinnudag ( í 12,07 % ) á ári.

Við 9 ára starfsaldur lengist orlof um 1 vinnudag ( í 12,55 % ) á ári.

Við 12 ára starfsaldur lengist orlof um 1 vinnudag ( í 13,04 % ) á ári.

Eftir 5 ár í sama fyrirtæki 28 dagar

Eftir 10 ár í sama fyrirtæki 30 dagar

Starfsmaður sem öðlast hefur aukinn orlofsrétt vegna starfs hjá sama vinnuveitanda öðlast hann að nýju hjá nýjum vinnuveitanda eftir þriggja ára starf, enda hafi rétturinn verið sannreindur.

Orlofsréttur reiknast frá upphafi næsta orlofsárs eftir að ofangreindum starfstíma er náð.

### Úr kjarasamningi

#### GRAFÍU og FA/SÍA frá 2019

#### Grein 4.2

#### Laun í veikinda- og slysatilfellum eftir eitt ár

Launagreiðslu til starfsmanna í veikindaforföllum þeirra sem unnið hafa hjá sama vinnuveitanda í eitt ár eða meira skal haga þannig:

- Eftir 1 árs starf hjá sama vinnuveitanda 2 mánuði á hverjum 12 mánuðum.
- Eftir 5 ára starf hjá sama vinnuveitanda 4 mánuði á hverjum 12 mánuðum.
- Eftir 10 ára starf hjá sama vinnuveitanda 6 mánuði á hverjum 12 mánuðum.

#### Breytingar á ákvæðum um vinnutíma og yfirvinnu – tók gildi 1. apríl 2020

Ákvæði kjarasamnings um deilitölu dagvinnutímakaups breytist:

7.1.4. Tímakaup í dagvinnu er fundið með því að deila 152 í mánaðarlaun.

#### Skýring:

Með breytingu á vinnutíma eru 35 klst. greiddar að jafnaði á viku m.v. fullt starf í stað 36 klst. og deillitala dagvinnutímakaups verður 152 í stað 156.

### Launataxtar 1. nóvember 2022

Almenn launahækkun 6,75%.

	Mánaðarlaun	Dagvinna	Yfirvinna 1	Yfirvinna 2
		Deillitala 152	1,00%	1,15%
1. flokkur byrjunarlaun	535.445 kr	3.523 kr	5.354 kr	6.158 kr
2. flokkur eftir 1 ár	571.118 kr	3.757 kr	5.711 kr	6.568 kr
3. flokkur eftir 4 ár	600.670 kr	3.952 kr	6.007 kr	6.908 kr
4. flokkur eftir 6 ár	645.202 kr	4.245 kr	6.452 kr	7.420 kr
Flokkstjórn, vaktstjórn, verkstjórn	741.982 kr	4.881 kr	7.420 kr	8.533 kr

\*15% álag m.v. 4 flokk eftir 6 ár



**ATH innheimta iðgjalda vegna félagsmanna GRAFÍU er hjá Birtu lífeyrissjóði.**

**Ábendingar:**

1. Félagsgjald allra félagsmanna er 1% af öllum launum á mánuði.
2. 1% iðgjald til Sjúkrasjóðs reiknast af öllum launum. (Þ.e. grunnlaun + yfirborgun + aukavinna).
3. Iðgjald til Fræðslusjóðs GRAFÍU er kr. 1.340 á mánuði af öllum félagsmönnum GRAFÍU í fyrirtækinu.
4. 0,25% iðgjald til Orlofsheimilásjóðs reiknast af öllum launum.
5. 1,1% iðgjald til Prenttæknisjóðs greiðist af öllum launum.
6. Iðgjald til Birtu lífeyrissjóðs. Starfsmaður greiðir 4% iðgjald til lífeyrissjóðs af öllum launum og atvinnurekandi með sama hætti 11,5% .
7. Séreignarsparnaður. Mótframlag vinnuveitenda skal vera 2% gegn 2-4% framlagi starfsmanns.
8. Atvinnurekandi greiðir 0,1% endurhæfingarsjóð til Birtu lífeyrissjóðs.

**Gjalddagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. dagur næsta mánaðar. Eindagi er síðasti dagur þess mánaðar. Eftir þann tíma skulu van-goldin iðgjöld innheimt með dráttarvöxtum frá gjalddaga.**

**ATH: iðgjaldaskil:**

Birta lífeyrissjóður – Sundagörðum 2 – 104 Reykjavík  
Bankareikningur: 526-26-400800 – Kennitala: 430269-0389  
Nánari upplýsingar á [birta.is](http://birta.is)

**Við hvetjum félagsmenn til að fara yfir launaseðla og hafa samband ef kjarasamningsbundnar hækkanir launa og breytingar ákvæða ganga ekki eftir.**